

77
29. júlí

Með mál, sem rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

30. gr.

31. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. september 1932.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

78
29. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júlí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

STOFNSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður húsfrú Valgerðar Jónsdóttur frá Múla“. Hann er stofnaður af konum í Nauteyrahreppi árið 1930, til minningar um hina látnu húsfreyju.

Stofnfé sjóðsins er 100 — eitt hundrað — krónur.

2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirráðum kvenna í Nauteyrahreppi. Í stjórn sjóðsins skal kjósa fimm konur til fimm ára í senn. Endurkjósa má stjórnina. Atkvæðisrétt, kosningarrétt og kjörgengi hafa allar konur heimilisfastar í Nauteyrahreppi, 20 ára og eldri. Stjórnin skiptir með sér störfum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á hvern þann fulltryggan hátt, er stjórn hans álitur heppilegastan.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur, skal vöxtum hans varið til eflingar heimilisiðnaðarnáms búsettra kvenna í Nauteyrarhreppi, en höfuðstól hans má aldrei skerða.

78
29. júlí

5. gr.

Til eflingar sjóðnum, skuldbindum vér oss, sem undir þetta skrifum nöfn vor, að ábyrgjast sjóðnum að minnsta kosti 50 — fimmtíu — krónur í árlegar tekjur auk vaxta af höfuðstólnum í næstu tíu ár.

6. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum þeirra manna og stofnana, sem efla vilja vöxt hans og styðja tilgang hans, eins og honum er lýst að ofan.

7. gr.

Sjóðsstjórnin hefir á hendi reikningsskil sjóðsins. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, er konur kjósa. Reikningar sjóðsins skulu birtir eftir því sem sjóðsstjórnin ákveður.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arngerðareyri, 15. júní 1930.

Í stjórn sjóðsins:

Jakobína Þorsteinsdóttir, Rauðamýri.

Jakobína Þórðardóttir, Laugabóli (féhirðir).

Sigurveig Jónsdóttir, Melgraseyri.

Markúsína Jónsdóttir, Melgraseyri.

Petra Guðmundsdóttir, Tungu.